Nr. 2.
22.
febr.

Auglýsing

um

verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi.

Eptir þegnlegum tillögum stjórnarráðsins fyrir Ísland samkvæmt 2. gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar f. á, hefir Hans Hátign konunginum, með allrahæstum úrskurði 20. þ. m þóknazt allramildilegast að fallast á, að setja skuli eptirfylgjandi ákvarðanir, viðvíkjandi verksviði landshöfðingjans yfir Íslandi, og skuli þær koma í stað erindisbrjefs þess, sem skrásett var fyrir tjeðan embættismann 29. júní 1872

1. grein.

Landshöfðinginn framkvæmir undir yfirumsjón ráðgjafans fyrir Ísland hið æðsta vald yfir hinum sjerstaklegu málum Íslands í landinu sjálfu, samkvæmt hinum gildandi lögum og tilskipunum og þeim nánari ráðstöfunum og fyrirskipunum, sem ráðgjafinn gjörir.

2. grein.

Landshöfðinginn skal gjöra uppástungu til ráðgjafans fyrir Ísland í öllum sjerstaklegum íslenzkum málum, sem eptir þeim reglum, sem hingað til hafa um það gilt, hafa komið, eða eptir nánari ákvörðun kunna að koma beinlínis undir úrskurð konungs.

Hið sama er um þau mál, er snerta fjárhag Íslands; þó getur ráðgjafinn fyrir Ísland falið landshöfðingja á hendur að leggja úrskurð á þau fjárhagsmál, viðvíkjandi henni innlendu stjórn Íslands, sem eptir eðli þeirra eru til þess fallin, að yfirstjórn landsins gjöri út um þau.

Sömuleiðis skal senda ráðgjafanum þau mál, sem eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við hina ráðgjafana, eða sem samkvæmt tilskipun eða sjerstaklegri ákvörðun ráðgjafans fyrir Ísland koma beinlínis undir úrskurð hans.

3. grein.

Landshöfðinginn gjörir uppástungu til stjórnarráðsins um ný lög og aðrar almennar ráðstafanir í þarfir Íslands, sem honum kann að finnast vera ástæða til.

Bekjendtgjørelse

Nr. 2
22.
Febr.

angaaende

Forretningsomraadet for Landshøvdingen over Island.

Paa en af Ministeriet for Island i Henhold til Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar f. A. § 2 nedlagt allerunderdanigst Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen ved allerhøieste Resolution af 20. d. M. allernaadigst at bifalde, at der med Hensyn til Forretningsomraadet for Landshøvdingen over Island fastsættes følgende Bestemmelser, der træde istedetfor den for bemeldte Embedsmand under 29de Juni 1872 udfærdigede Instrux.

§ 1

Landshøvdingen udøver under Overtilsyn af Ministeren for Island, i Overensstemmelse med de gjældende Love og Anordninger og de nærmere Forholdsregler og Befalinger, der meddeles ham af Ministeren, den øverste stedlige Myndighed i Islands særlige Anliggender.

§ 2.

I alle de særlige islandske Sager, der efter de i saa Henseende hidtil gjældende Regler have været eller ifølge nærmere Bestemmelse maatte blive forbeholdte umiddelbar kongelig Afgjørelse, har Landshøvdingen at gjøre Indstilling til Ministeren for Island.

Det Samme gjælder med Hensyn til Sager, der vedrøre det islandske Finansvæsen; dog kan Ministeren for Island overdrage Landshøvdingen Afgjørelsen af saadanne finansielle Spørgsmaal vedrørende Islands indre Administration, som efter deres Beskaffenhed egne sig til at afgjøres af den lokale Overbestyrelse.

Ligeledes bør til Ministeren indsendes saadanne Sager, hvis Afgjørelse forudsætter Forhandling med de øvrige Ministre, eller som ifølge Anordning eller særlig af Ministeren for Island truffen Bestemmelse forbeholdes dennes umiddelbare Afgjørelse.

§ 3.

Landshøvdingen gjør Indstilling til Ministeriet om nye Love og andre almindelige Foranstaltninger til Islands Tarv, hvortil han maatte finde Opfordring.

Nr. 2. 22. febr.

4. grein.

Eins og landshöfðingi er milligöngumaður milli stjórnarinnar og allra embættismanna og embættisþjóna, sem skipaðir eru á Íslandi, þannig eru þeir undirgefnir landshöfðingjanum, og skal hann hafa umsjón með embættisfærslu þeirra.

Landshöfðingi veitir ferðaleyfi öllum íslenzkum embættismönum. Þegar embætti eru laus, skal hann sjá um, eð þeim verði þjónað með því að setja menn í þau um tíma, og hefir hann heimild til að víkja frá um stundar sakir öllum embættismönum, sem skipaðir eru á Íslandi; samt skal hann með fyrsta pósti þar á eptir senda skýrslu til ráðgjafans fyrir Ísland, ásamt þeim upplýsingum, sem með þarf, til þess að úr því verði skorið, hvort höfða skuli lögsókn á hendur þeim, sem í hlut á, eða gjöra skuli aðra ráðstöfun í þessu tilliti.

5. grein.

Landshöfðinginn hefir umsjón yfir reikningsmálum Íslands og skal sjerílagi sjá um, að reikningarnir komi á rjettum tíma frá öllum gjaldheimtumönum á Íslandi, og beita þvingun til þess að koma því til leiðar á þann hátt, sem honum þykir við þurfa eða við eiga, annaðhvort með því að leggja á þvingunar-sektir eða eptir atvikum með því að víkja þeim frá um stundar sakir, sem í hlut á.

6. grein.

Störf þau, sem stiptamtmaður áður hafði með tilliti til þess, að jafna niður alþingiskostnaði (opið brjef 18 júlí 1848), skal landshöfðingi hafa á hendi.

7. grein.

Landshöfðinginn setur umboðsmenn yfir konungsjarðirnar eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns, og ákveður, hve mikið umboðsmenn og sýslumenn skuli setja í veð fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

8. grein.

Landshöfðinginn ákvarðar, hvar hinir íslenzku embættismenn skuli vera búsettir, að svo miklu leyti, sem bústaður þeirra eigi er fast ákveðinn.

9. grein.

Yfirstjórn hinna íslenzku póstmála í landinu sjálfu skal landshöfðingi hafa á hendi, og fær hann ráð þess fjár, sem tilfært er á fjárhagsáætlun Íslands, til þess að greiða kostnaðinn við tjeð póstmál.

10. grein.

Mál, sem snerta fiskiveiðar útlendra við Ísland, að því leyti þau eigi eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við útlendar þjóðir, svo og mál útaf skipströndum, skal landshöfðingi gjöra út um.

11. grein.

Þau störf, sem stiptamtmaður áður hafði með tilliti til skrásetningar og mælinga skipa, skal landshöfðingi hafa á hendi.

§ 4.

Ligesom Landshøvdingen er Mellemledet mellem Regjeringen og alle i Island ansatte Embeds- og Bestillingsmænd, saaledes ere disse underordnede Landshøvdingen, der har at føre Tilsyn med deres Embedsførelse.

Landshøvdingen meddeler Reisetilladelse til samtlige islandske Embedsmænd. I Tilfælde af Vakance i Embederne drager han Omsorg for deres Bestyrelse ved Konstitution og er berettiget til at suspendere alle i Island ansatte Embedsmænd; dog har han med første Post derefter at gjøre Indberetning til Ministeren for Island, ledsaget af de fornødne Oplysninger, forat det kan afgjøres, om der skal anlægges Sag imod den Vedkommende, eller om der bør træffes anden Foranstaltning i saa Henseende.

§ 5.

Landshøvdingen fører Tilsyn med det islandske Regnskabsvæsen og har navnligen at paase, at Regnskaberne fra samtlige Oppebørselsbetjente i Island indkomme i rette Tid, samt at fremtvinge Saadant ved de Midler, han maatte finde fornødne eller hensigtsmæssige, enten ved Anvendelsen af disciplinære Bøder eller efter Omstændighederne ved Suspension.

§ 6.

De Stiftamtmanden tidligere paahvilende Forretninger med Hensyn til Paaligning af Althingsomkostninger (Plakat af 18de Juli 1848) udføres af Landshøvdingen.

§ 7.

Landshøvdingen udnævner Administratorer for de kongelige Jordegodser efter Indstilling fra vedkommende Amtmand og fastsætter Størrelsen af de Kautioner, der blive at stille for de Administratorerne og Sysselmændene betroede Oppebørsler.

§ 8.

Landshøvdingen tager Bestemmelse om, hvor de islandske Embedsmænd skulle være bosatte, forsaavidt der ikke for dem er bestemt en fast Bopæl.

§ 9.

Overbestyrelsen af det indre islandske Postvæsen tilkommer Landshøvdingen, ligesom der tillægges ham Raadighed over de Summer, der paa Islands Budget opføres til Bestridelsen af Udgifterne ved fornævnte Postvæsen.

§ 10.

Sager vedkommende Fremmedes Fiskerier under Island, forsaavidt de ikke egne sig til diplomatisk Forhandling, samt Strandingssager afgjøres af Landshøvdingen.

§ 11.

De Stiftamtmanden tidligere paahvilende Forretninger med Hensyn til Skibes Registrering og Maaling udføres af Landshøvdingen.

Nr. 2. 22. febr.

12. grein.

Landshöfðingi hefir vald til þess að leggja fullnaðar úrskurð á sveitarmál, — en hjer er talið með, þegar ágreiningur verður milli fleiri íslenzkra sveitarfjelaga um framfærslu þurfamanna —, að svo miklu leyti, sem lög leyfa, að framkvæmdarvaldið gjöri út um þessi mál.

13. grein.

Allar skýrslur, sem áður voru sendar til stjórnarráðanna fyrir allt landið, skal senda landshöfðingja, og býr hann síðan til á hverju ári eina aðalskýrslu, sem skal lögð fyrir ráðgjafann fyrir Ísland.

14. grein.

Vald það, sem veitt er stiptamtmanni samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, og tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, skal landshöfðingi framkvæma. Hann ákveður fyrir hönd hins opinbera, hvort skjóta skuli sakamálum til hæzta rjettar.

15. grein.

Landshöfðinginn framkvæmir vald það, sem stiptamtmaður áður hafði á hendi sem forseti í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti. Hann veitir gjafsókn fyrir landsyfirrjetti og önnur leyfisbrjef viðvíkjandi málaferlum, sem áður var falið stiptamtmanni á hendur að gefa út.

16. grein.

Landshöfðinginn veitir eptir uppástungu biskups öll þau brauð á Íslandi, sem konungur eigi veitir sjálfur, og gefur út veitingarbrjef þau, sem með þarf í þessu tilliti.

17. grein.

Landshöfðinginn gefur út samkvæmt tilskipunum þeim, sem um það gilda, eptirfylgjandi konungleg leyfisbrjef o. s. frv.:

a) leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsúrskurði 25. maí 1844, 3., 4 og 5., til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá D. L. 3—16—8 og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar;

b) leyfisbrjef þau til ættleiðingar, sem nefnd eru í konungsúrskurði 13. desbr. 1815, og í konungsúrskurði 23 desbr. 1864, I. 2;

c) uppgjöf þá eða lækkun á sektum, sem fyrir er mælt um í síðar nefndum úrskurði 1., 1, þó því að eins að sektin fari ekki fram úr 50 kr.; svo og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar samkvæmt tjeðum úrskurði I., 4 og 5.

18. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland getur fengið landshöfðingja í hendur umráðin yfir allt að helmingi þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma; samt skal landshöfðingi árlega senda skýrslu til stjórnarráðsins um það, hvernig fjenu hafi verið varið. Þar að auki útbýtir landshöfðingi eptir uppástungu biskups fje því, sem tilfært er á hinni árlegu fjarhagsáætlun Íslands handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum.

§ 12.

Landshøvdingen har den øverste Afgjørelse af kommunale Anliggender — herunder ogsaa indbefattet Tvistigheder mellem forskjellige islandske Kommuner om Fattiges Forsørgelse — forsaavidt Lovgivningen hjemler en administrativ Afgjørelse af disse Anliggender.

§ 13.

Alle Beretninger, der tidligere for hele Landet have været indgivne til Ministerierne, indsendes til Landshøvdingen, som derefter aarlig affatter en Generalberetning til Forelæggelse for Ministeren for Island.

§ 14.

Den Stiftamtmanden ved den almindelige Straffelov af 25de Juni 1869 saavelsom ved Forordning om Opførelsen af en Strafanstalt samt af Fængsler i Island m. v. af 4de Marts 1871 overdragne Myndighed udøves af Landshøvdingen. Han tager paa det Offentliges Vegne Bestemmelse om kriminelle Sagers Indankning for Høiesteret.

§ 15.

Landshøvdingen udøver den Stiftamtmanden tidligere som Præses i den kongelige islandske Landsoverret tilkommende Myndighed. Han meddeler Bevillinger til fri Proces for Landsoverretten og de øvrige processuelle Bevillinger, som det tidligere var overdraget Stiftamtmanden at udfærdige.

§ 16.

Landshøvdingen besætter efter Indstilling fra Biskoppen alle de Præstekald i Island, som ikke bortgives umiddelbart af Kongen, og udfærdiger de i saa Henseende fornødne Kaldsbreve.

§ 17.

Landshøvdingen udfærdiger i Henhold til de herom gjældende Anordninger efternævnte kongelige Bevillinger m. v., nemlig:

a) de i kongelig Resolution af 25de Mai 1844 Nr. 3, 4 og 5 omhandlede Tilladelser til at indgaa nyt Ægteskab, Dispensationer fra Lovens 3—16—8 samt Skilsmissebevillinger;

b) de i kongelig Resolution af 13de December 1815 og kongelig Resolution af 23de December 1864 I. Nr. 2 ommeldte Adoptionsbevillinger;

c) de i sidstnævnte Resolution I. Nr. 1 omhandlede Eftergivelser eller Nedsættelser af Bøder, dog kun i Tilfælde af, at Boden er 50 Kr. eller derunder, samt Skilsmissebevillinger efter samme Resolution I. Nr. 4 og 5.

§ 18.

Ministeren for Island kan overdrage Landshøvdingen Raadighed over indtil Halvdelen af den til uforudseelige og tilfældige Udgifter for Island normerede Sum, dog at Landshøvdingen aarlig gjør Indberetning om Anvendelsen til Ministeriet. Derhos fordeler Landshøvdingen efter Biskoppens Indstilling det paa Islands aarlige Budget til fattige Emeritpræster og Præsteenker opførte Beløb.

Nr. 2. 22. febr.

19. grein.

Landshöfðinginn hefir umsjón yfir hinum íslenzka landssjóð (jarðabókarsjóðnum).

20. grein.

Landshöfðinginn skal yfirhöfuð gjöra út um þau mál, er snerta hina innlendu stjórn Islands, með þeim undantekningum, som nefndar eru í 2. gr.

21. grein.

Í fjærvist landshöfðingja eða forföllum hans og sömuleiðis ef hann skyldi deyja, skal forstjórinn í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti takast á hendur störf hans, nema stjórnin skipi öðruvísi fyrir um þetta.

Þetta skal hjermeð gefið almenningi til vitundar.

Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 22. dag febrúarm. 1875.

C. S. Klein.

F. Vestergaard.
Asst.

Nr. 3. 24. febr.

Auglýsing,

er

birtir á Íslandi lög 21. desbr. 1874 um bann gegn því að hafa schleswig-holsteinska spesiumynt sem gjaldgenga peninga.

Hans Hátign konungurinn hefir 21. desbr. f. á. staðfest eptirfylgjandi

L ö g

um

bann gegn því, að hafa schleswig-holsteinska spesiumynt sem gjaldgenga peninga.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Fra 1. janúar 1875 skal það eigi vera leyft nokkrum opinberum sjóði, að taka sem borgun schleswig-holsteinska spesíumynt, sem hljóðar uppá:

§ 19.

Landshøvdingen fører Tilsyn med den islandske Landskasse (Jordebogskassen).

Nr. 2. 22. Febr.

§ 20.

Landshøvdingen afgjør overhovedet med de i § 2 nævnte Undtagelser de Islands indre Administration vedkommende Anliggender.

§ 21.

I Landshøvdingens Fraværelse eller i hans Forfald ligesom ogsaa i Tilfælde af hans dødelige Afgang blive de ham paahvilende Forretninger, forsaavidt ikke anden Bestemmelse træffes af Regjeringen, at udføre af Justitiarius i den kongelige islandske Landsoverret.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 22de Februar 1875.

C S. Klein.

F. Vestergaard.
Asst.

Bekjendtgjørelse,

Nr. 3. 24. Febr.

hvorved

Lov om Forbud mod schleswig-holsteinsk Speciesmønts Benyttelse som Betalingsmiddel af 21de Decbr. 1874 kundgjøres paa Island.

Under 21de December f. A. har Hs Majestæt Kongen stadfæstet efterfølgende

Lov

om

Forbud imod schleswig-holsteinsk Speciesmønts Benyttelse som Betalingsmiddel.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Gjøre vitterligt: Rigsdagen har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Fra 1ste Januar 1875 skal det ikke være nogen offentlig Kasse tilladt at modtage i Betaling schleswig-holsteinsk Speciesmønt lydende paa: